

REGLUR

um mat á tjónaskuld og gagnaskil í því sambandi.

I. KAFLI

Almennar verklagsreglur.

1. gr.

Reglur þessar gilda um tjónaskuld váttryggingafélaga eins og hún er skilgreind í gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

2. gr.

Tjónaskuld vegna tilkynntra tjóna skal metin af hæfilegri varfærni í samræmi við reynslu félagsins og bestu vitund þess um væntanlegar greiðslur í samræmi við skilmála og laga-umhverfi greinarinnar.

Tjónaskuld skal endurmetin vegna nýrra upplýsinga sem berast um tjón, hafi þær áhrif á væntanlegar greiðslur.

Endurskoða skal áætlun einstakra tjóna sem ólíklegt er að frekari kröfur bætist á og þeim lokað sem fyrst.

3. gr.

Tjónaskuld vegna ótilkynntra tjóna skal metin af hæfilegri varfærni með viðurkenndum tölfræðilegum aðferðum.

4. gr.

Váttryggingafélög skulu meta álög vegna kostnaðar samkvæmt eigin reynslu og verklagsreglum. Verklag skal koma fram í gagnaskilum félagsins til Fjármálaeftirlitsins, sjá 2. tl. 9. gr.

5. gr.

Við mat á hlut endurtryggjanda í tjónaskuld skal hafa viðeigandi endurtryggingasamning til hliðsjónar. Einnig skal gert ráð fyrir áhættu af því að endurtryggjendur geti ekki staðið við skuldbindingar sínar.

II. KAFLI

Lágmarkskröfur og viðmið í mati tjónaskuldar.

6. gr.

Eftirfarandi greinar skulu teljast til langtímagreina, þ.e. greinar sem gerðar eru upp á lengri tíma:

1. Slysátjón ábyrgðartrygginga ökutækja.
2. Slysáttrygging ökumanns og eiganda.
3. Almennar ábyrgðartryggingar og starfsábyrgðartryggingar.
4. Atvinnuslysáttryggingar sjómanna.
5. Innlendar endurtryggingar ökutækjatrýgginga og ábyrgðartrygginga.
6. Erlendar endurtryggingar.

Þær greinar sem ekki eru taldar upp hér að ofan skulu teljast til skammtímagreina.

Sú áhætta sem í váttryggingunum felst ræður sundurliðun váttryggingagreina og skal flokkunin vera sú sama og á sundurliðunareyðublaði Fjármálaeftirlitsins.

7. gr.

Við útreikning lágmarkstjónaskuldar í langtímagreinum skv. 1. og 2. tl. 6. gr. skal miða við þá fjárhæð sem fæst með því að margfalda bókfærð tjón síðastliðins árs skv. 1. tl. með stuðlinum 4,0 og skv. 2. tl. með stuðlinum 3,2. Heimilt er þó að miða við meðaltal bókfærðra tjóna síðustu þriggja ára hafi bókfærð tjón öll árin verið að minnsta kosti 50% af bókfærðum iðgjöldum.

Í váttryggingagreinum skv. 3.-6. tl. skulu váttryggingafélög í samræmi við umfang starfsemi sinnar í viðkomandi váttryggingagrein skilgreina hvað teljist nægileg tjónaskuld. Váttryggingafélög skulu gera grein fyrir viðmiði sínu og samanburði við núverandi tjónaskuld í greinargerð sinni skv. 2. tl. 9. gr.

Sé í tiltekinni langtímagrein hlutfall bókfærðra tjóna af bókfærðum iðgjöldum lægra en 20% skal miða við að tjónaskuld í greininni sé ekki lægri en sem nemur 95% af bókfærðum iðgjöldum í eigin hlut að frádregnum bókfærðum tjónum og rekstrarkostnaði í greininni. Þó skal ekki draga frá þann hluta rekstrarkostnaðar sem telja má til stofnkostnaðar váttryggingafélags.

Hafi félag hvorki greitt tjón né innheimt iðgjöld í greininni á rekstrarárinu telst starfsemi í greininni lokið og er því félagið undanþegið lágmarkskröfum í 1. mgr. eða 3. mgr.

Uppfylli váttryggingafélag ekki lágmarkskröfur skv. 1. eða 3. mgr. kemur til álitu að draga það sem vantar upp á lágmarkskröfur á tjónaskuld frá gjaldþoli í samræmi við 5. mgr. 90. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi. Áður en slík ákvörðun er tekin mun Fjármálaeftirlitið leggja eigið mat á tjónaskuld váttryggingafélagsins og eftir atvikum eiga viðræður við stjórnendur félagsins um verklag við mat á tjónaskuld í viðkomandi grein.

8. gr.

Fari tjónaskuld yfir tiltekin mörk mun Fjármálaeftirlitið kanna sérstaklega verklag við mat á tjónaskuld og iðgjaldagrundvöll í greininni.

Mörk skv. 1. mgr. skulu reiknuð með því að margfalda bókfærð tjón reikningsárs í váttryggingagrein með eftirfarandi stuðlum, tölulídir svara til greina skv. tl. 6. gr.:

1. 6,7
2. 6,1

Í öðrum langtímagreinum skv. 3.-6. tl. 6. gr. getur Fjármálaeftirlitið eftir atvikum tekið afstöðu til hvort ástæða sé til athugunar skv. 1. mgr.

III. KAFLI

Önnur ákvæði.

9. gr.

Váttryggingafélög skulu árlega skila Fjármálaeftirlitinu eftirfarandi upplýsingum um tjónaskuld:

1. Upplýsingar um aldursgreiningu bókfærðra tjóna og tjónaskuldar (eyðublaðið TS-SNDL).
2. Greinargerð félagsins um mat á váttryggingaskuld.
3. Upplýsingar um fjölda skirteina og tjóna hvers tjónaárs í langtímagreinum (eyðublaðið F1 í stækkaðri mynd).

10. gr.

Fjármálaeftirlitið skal eftir því sem við á endurskoða greinaflokkun skv. 6. gr. og viðmiðunarfjárhæðir skv. 7. og 8. gr.

11. gr.

Reglur þessar eru gefnar út af Fjármálaeftirlitinu með stoð í 2. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi og taka gildi við gerð ársreikninga vegna ársins 2004.

Fjármálaeftirlitinu, 3. nóvember 2004.

Páll Gunnar Pálsson.

Sigurður Freyr Jónatansson.